

GJALDSKRÁ

fyrir úrgangshirðu og urðun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. samþykkt nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

Reglubundin hirðing úrgangs:

Sumarhús (frístundahús)	18.640 kr.
Íbúðarhúsnæði	60.390 kr.

Urðun úrgangs:

Sumarhús (frístundahús)	5.400 kr.
Íbúðarhúsnæði	5.400 kr.

Sé óskað eftir fleiri sorphílátum við íbúðarhús skal greiða fyrir sorphílát og aukaurðun fyrsta árið, þar eftir aukaurðunargjald sem hér greinir:

Fyrir almennan úrgang (óflokkað)	25.000 kr.
Fyrir endurvinnanlegan úrgang (flokkað og lífrænt)	13.000 kr.
Ker, 660 l (aðeins í dreifbýli)	40.000 kr.

Gjöld þessi miðast við vísitölu neysliverðs í október 2022 og er 559,3 stig og uppfærast samkvæmt breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2024.

3. gr.

Ef sorphílát skemmast eða hverfa vegna þess að það hefur ekki verið gengið nægilega vel frá tunnum, t.d. undir skýli eða að festingar vantar verður innheimtur raunkostnaður á hvert sorphílát samkvæmt reikningi frá verktaka.

Sorphílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið sbr. 17. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

4. gr.

Gámastæði verða í nágrenni deiliskipulagðra frístundasvæða með yfir 20 bústöðum skv. 6. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Grenndarstöð er einnig staðsett við Melahverfi.

5. gr.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpurðunargjalds skv. 2. gr. skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign án tillits til eigendaskipta. Sorphirðu- og sorpeyðingargjald nýtur lögveðsréttar í fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1383/2021.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 23. nóvember 2022.

Nr. 1592

23. nóvember 2022

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2022